

Mál nr. 460/2011
M
og
X v/ óþekkts ökutækis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum óþekkts ökutækis.

Gögn.

176. Málskot, móttækið 10.11.2011, ásamt fylgigögnum.

177. Bréf X, dags. 23.11.2011.

Málsatvik.

Að morgni dags hinn 15.2.2010 leitaði M á Heilsugæsluna Efra Breiðholti. Á samskiptaseðli hjúkrunarfræðings umræddan dag segir orðrétt: „Bíll straukst við hann, eymsli, ekkert sjáanlegt.

Í ódagsettri skýrslu M um atvikið segir að faðir hans hafi skutlað honum í skólann. Hann hafi farið úr bílnum farþegamegin á Austurbergi og er að fara yfir báðar akreinar. Þegar hann hafi verið næstum kominn yfir götuna og með vinstri fót á gangstéttinni hafi verið ekið á hægri fót eða kálfa. Við höggið hafi hann hrokkið upp í loft og snúist hálfan hring og borið fyrir sig vinstri hönd sem lenti á frosinni jörðinni. Kveður M að mjög dimmt veður hafi verið er atvikið varð.

M mun hafa leitað á slysa- og bráðadeild Landspítala 19.3.2010. Í læknaþréfi frá spítalanum sama dag segir að M hafi orðið fyrir því að ekið hafi verið á hann 5 vikum áður. Hann hafi fengið högg aðallega á hægri sköflung hliðlægt og kastast til og lent á gangstétt og borið fyrir sig vinstri hönd. Hafi hann jafnað sig í fætinum en sé enn með töluverða verki í vinstri úlnlið. Við röntgenrannsókn hafi komið í ljós brot um mitt bátsbein „þar sem distal hlutinn er tilfærður og angileraður.“

Samkvæmt 2, mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjategyggingar skal X greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. M hefur krafist bóta hjá X fyrir líkamstjón sitt. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að lögreglu hafi verið tilkynnt um slysið. Engum vitnum að atvikinu er til að dreifa. Á samskiptaskiptaseðli hjúkrunarfræðings segir að bíll hafi stökist við M. Engin merki voru um að M hafi orðið fyrir bifreið. Af fyrirbyggjandi gögnum þykir ekki vera nægilega ljóst að M hafi orðið fyrir líkamsáverka sem ætla má að hann hafi orðið fyrir af völdum vélknúins ökutækis. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjóns sitt hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 15. desember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.